

20. febrúar 1973.

61

Nr. 22.

REGLUR

um ferðir til Vestmannaeyja og dvöl þar.

1. gr.

Hver sá, sem kemur til Heimaeyjar í Vestmannaeyjum, skal láta skrá sig hjá lögreglunni við komu.

Á sama hátt skal tilkynna lögreglunni brottför frá Heimaey.

2. gr.

Heimild til dvalar á Heimaey hafa:

- a) Þeir, sem lögheimili eiga í Vestmannaeyjum.
- b) Þeir, sem starfa á vegum almannavarna.
- c) Þeir aðrir, sem þangað eiga lögmaett erindi.

3. gr.

Hver sá, sem kemur til Heimaeyjar, skal sýna lögreglunni í Vestmannaeyjum skilríki, er veitir heimild til dvalar þar, og gera grein fyrir áætluðum dvalarstað og tíma.

4. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja gefur út skilríki þeim, sem lögheimili eiga í Vestmannaeyjum, sbr. a-lið 2. gr.

Almannavarnir ríkisins og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum gefa út skilríki þeim, sem um ræðir í b) og c) lið 2. gr., á eyðublöðum, sem Almannavarnir ríkisins láta í té.

5. gr.

Ef ástæða þykir til má, auk skilríkja samkv. 4. gr., krefjast þess, að hlutaðeigandi sýni opinbert persónuskilríki með mynd.

6. gr.

Heimilt er bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum að takmarka ferðir manna um einstök svæði, þar sem sérstök hættu er.

7. gr.

Bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum er heimilt, að höfðu samráði við almannavarnanefnd Vestmannaeyja og Almannavarnaráð, að ákveða hámarkstölu þeirra, sem dvelja á Heimaey.

Bæjarfógeta er og heimilt að takmarka ferðir manna til Heimaeyjar, enda hafi þeir, sem um ræðir í b-lið 2. gr., þá forgangsrétt. Honum er einnig heimilt að stytta dvalartíma þeirra, sem dvelja á Heimaey, ef sérstök ástæða þykir.

B 9

8. gr.

Skytt er þeim, sem annast fólksflutninga til Heimaeyjar, að kanna, hvort sá, sem fars beiðist, hafi heimild til dvalar þar.

9. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt lögum.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, öðlast þegar gildi, og gilda fyrst um sinn þar til annað verður ákveðið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. febrúar 1973.

Einar Ágústsson.

Ólafur W. Stefánsson.